

Atvinnu- og menningarráð

Stjórnskipuleg staða

Atvinnu- og menningarráð heyrir beint undir bæjarstjórn. Bæjarstjóri starfar með ráðinu.

Ráðið fer með verkefni málaflokka 05 Menningarmál, 13 Atvinnumál og 17 Félagsheimili. Helstu stofnanir á verksviði ráðsins eru: Bókasöfn, byggðasöfn, önnur söfn, menningarhús, hátíðarhöld, landbúnaðar- og sjávarútvegsmál þ.m.t. minka og refaeyðing, ferðamál þ.m.t. ferðamannaþjónusta og tjaldsvæði.

Skipan ráðsins

Í ráðinu eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um búfjárhald, vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, bókasafnslögum, safnalögum og lögum um félagsheimili og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar á menningarfulltrúi (félagsmálastjóri) rétt á að sitja fundi ráðsins, þegar fjallað er menningarmál, með málfrelsi og tillögurétti. Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hlutverk

Hlutverk atvinnu- og menningarráðs er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í atvinnu- og markaðsmálum sveitarfélagsins, þar með talin sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál (s.s. fjallskil), ferðamál og önnur mál er snúa að uppbyggingu atvinnumála í bæjarfélaginu, og í lista-, menningar- og safnamálum á vegum sveitarfélagsins.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í þeim málum sem undir ráðið heyrir,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- að starfa með bæjarstjóra,
- að starfa með menningarfulltrúa,
- að skipa fulltrúa í rekstrarnefndir félagsheimila,
- að vera umsagnaraðili um ráðningar forstöðumanna stofnana og annarra starfsmanna þeirra stofnana sem undir ráðið heyrir,
- að starfa með forstöðumönnum stofnana á málsviði ráðsins og gera tillögur um úrbætur í starfi þeirra.

Atvinnu- og menningarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana, sem tilheyra verksviði ráðsins og heyra til málaflokkasviðs hennar almennt. Ráðið skal hafa faglega umsjón með þeim stofnunum sem á verksviði hennar eru og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykktar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Starfshættir

Um starfshætti ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykpta um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Atvinnu- og menningarráð kemur saman fyrir luktum dyrum. Ráðinu er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykpta um stjórn Vesturbyggðar. Ráðið gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Ráðið skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða samþykpta um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur

fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bæjarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður atvinnu- og menningarráðs sér um boðun funda í samráði við bæjarstjóra eða hann felur starfsmanni ráðsins fundarboðun, eftir atvikum. Fundur í atvinnu- og menningarráði er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður atvinnu- og menningarráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt 39. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður atvinnu- og menningarráðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu ráðsins.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í atvinnu- og menningarráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í atvinnu- og menningarráði en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir atvinnu- og menningarráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi í ráðinu skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal atvinnu- og menningarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó lögum um búfjárhald, vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, bókasafnslögum, safnalögum og lögum um félagsheimili. Þá skal ráðið fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.

Samþykkt á 280. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 17. desember 2014.